

AUGLÝSING

70

29. júní

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Sveinn Björnsson, kom í dag úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 29. júní 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

71

13. júlí

um viðskiptasamning milli Íslands og Ungverjalands.

Hinn 30. maí 1950 var undirskrifaður í Budapest viðskipta- og greiðslusamningur milli Íslands og Ungverjalands. Samkvæmt samningi þessum lofa ríkisstjórnir beggja landa að veita gagnkvæmt innflutnings- og útflutningsleyfi fyrir þeim vörutegundum, sem sérstaklega eru tilgreindar í vörulistum, er fylgja samningnum.

Ákveðið er að greiðslur fyrir vörur fari fram í sterlingspundum yfir ungverskan reikning í London og ber að reikna kröfur og skuldbindingar samkvæmt samningnum í sterlingspundum. Tekið er fram, að báðir aðilar skuli leitast við að finna aðrar leiðir til gagnkvæmra greiðslna, ef erfiðleikar skyldu verða á því að framkvæma þá leið, er að framan getur svo að tryggt sé, að viðskiptin geti haldið áfram hindrunarlaust.

Samningurinn gildir frá 30. maí 1950 í eitt ár og báðir aðilar lýsa sig reiðubúna til þess að ganga til nýrra viðræðna um endurnýjun samningsins, áður en hann fellur úr gildi, ef annar hvor óskar þess.

Af Íslands hálfu er ráðgert að selja til Ungverjalands þessar vörur: Fiskeða síldarmjöl, hval- eða síldarlýsi, þorskalýsi, gærur, garnir, loðskinn, niðursuðuvörur, ull o. fl.

Af hálfu Ungverjalands er ráðgert að selja til Íslands þessar vörur: Hveiti, rúgmjöl, haframjöl og ýmsar iðnaðarvörur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið hinn 13. júlí 1950.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

AUGLÝSING

72

14. júlí

um löggilding nýrrar lyfjaskrár.

Samkvæmt tillögum heilbrigðismálaráðuneytisins hefur forseta Íslands, hinn 13. þ. m., þóknast að ákveða, að Pharmacopoea Danica 1948 (Editio IX) skuli löggilt til notkunar á Íslandi frá 1. jan. 1951, þó svo að heilbrigðismálaráðuneytinu sé falið